



Landhelgisgæsla Íslands

Ríkisendurskoðun



Niðurstöður fjárhagsendurskoðunar á bókhaldi ársins 2019

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur farið yfir ákveðna liði í ársreikningi Landhelgisgæslu Íslands fyrir árið 2019. Landhelgisgæsla Íslands er A-hluta stofnun ríkissjóðs og er ársreikningur stofnunarinnar og annarra A-hluta stofnanna ekki áritaðir sérstaklega og því ekki gefið álit á ársreikninginn sjálfan. Endurskoðun fer fram sem hluti af endurskoðun ríkisreiknings og gefur Ríkisendurskoðandi út álit á ríkisreikning í heild sinni.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Endurskoðunin tók mið af alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum fyrir opinbera aðila. Val skoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á þeim liðum sem skoðaðir voru, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.


Við áhættumat er tekið tillit til þess innra eftirlits stofnunarinnar sem varðar gerð og framsetningu tiltekna liða ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og kanna hvort það tryggir viðunandi árangur. Endurskoðun á þeim liðum sem teknir voru fyrir felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur beita við gerð ársreikningsins.

Í skýrslu þessari er fjallað almennt um vinnu við endurskoðun einstakra liða ársreikningsins og niðurstöður hennar. Endurskoðunarvinna byggir á góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn. Starfsfólk stofnunarinnar veitti þá aðstoð sem óskað var eftir og brást vel við ábendingum. Við færum þeim okkar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Efnisyfirlit

1	Lykiltölur úr rekstri ársins 2019.....	4	5.7	Annar rekstrarkostnaður	10
2	Ábendingar og athugasemdir.....	5	5.8	Fastafjármunir	10
3	Áhættumat og mikilvægi	6	5.9	Birgðir.....	10
4	Innra eftirlit.....	7	5.10	Viðskiptakröfur og aðar kröfur	11
5	Endurskoðun ársins.....	9	5.11	Handbært fé og vörslufé	11
5.1	Niðurstaða endurskoðunarinnar.....	9	5.12	Eigið fé	11
5.2	Ársreikningur og framsetning hans.....	9	5.13	Viðskiptaskuldir	11
5.3	Sviksemi	9			
5.4	Upplýsingakerfi	9			
5.5	Rekstrartekjur.....	9			
5.6	Laun og launatengd gjöld.....	10			

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2019



2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar skoðunin fór fram.

1

Innra eftirlit

Stjórnendur bera ábyrgð á innra eftirliti og þurfa því að hafa yfirsýn yfir fyrirkomulag innra eftirlits og þekkja tilgang þess.

Stjórnendur eiga setja verklagsreglur um innra eftirlit og ganga reglulega úr skugga um að innra eftirlit verki eins og til er ætlast.

2

Aðgangsheimildir

Gæta verður að því að ekki séu of margir starfsmenn með of víðtækan aðgang að fjárhagskerfi Orra þegar minni aðgangur gæti dugað.

3

Verkferlar

Æskilegt er að yfirfara alla verkferla vegna bókhalds reglulega og að þeir séu samþykktir með formlegum hætti af stjórnendum þannig að starfsmenn séu meðvitaði um hvaða verkferlar eru í gildi. Við skoðun kom í ljós að ekki eru til skráðir verkferlar vegna tekna, gjalda og varanlegra rekstrarfjármuna. Verkferlar þurfa að stuðla að virku innra eftirliti vegna allra bókhaldsferla.

4

Handbært fé

Bent er á að aðrir starfsmenn en gjaldkerar skuli einungis hafa skoðunaraðgang að bankreikningum.

5

Erlendir viðskiptamenn og lánadrottmar

Erlendar kröfur og skuldir skal umreikna á lokagengi í árslok samkvæmt lögum um ársreikninga.

3 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi stofnunarinnar eins og kostur er.

Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá stofnuninni sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Í reikningskilum stofnunarinnar eru matskenndir liðir fyrst og fremst viðskiptakröfur.

Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 149 milljónir króna. Mikilvægismörk eru sú fjárhæð skekkna sem er talin að hafi ekki áhrif á upplýstan lesenda reikningskilanna.

Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur.

4 Innra eftirlit

Innra eftirlit byggir á þeim eftirlitsþáttum sem fyrirtæki og stofnanir starfrækja til að uppgötva, fyrirbyggja eða leiðrétta villur í skráningu, meðhöndlun eða birtingu upplýsinga. Mikilvægir eftirlitsþættir og önnur öryggisatriði sem styðja við réttar fjárhagsupplýsingar geta meðal annars verið hluti af fjárhags- og hugbúnaðarkerfum fyrirtækisins og stoðkerfum þeirra.

Stjórnendur Langhelgisgæslunnar bera ábyrgð á innra eftirliti stofnunarinnar og þurfa því að hafa yfirsýn yfir fyrirkomulag innra eftirlits og þekkja tilgang þess. Stjórnendur skulu setja verklagsreglur um innra eftirlit og ganga reglulega úr skugga um að innra eftirlitið virki eins og til er ætlast.

Við endurskoðunina er tekið tillit til innra eftirlits í tengslum við ársreikning í þeim tilgangi að móta endurskoðunaraðferð í samræmi við aðstæður. Megináhersla er lögð á að finna og greina eftirlitsaðgerðir hjá stofnuninni þar sem brugðist er við verulegum áhættum er varða fjárhagsupplýsingar sem birtast í ársreikningi.

Tveir mikilvægir eftirlitsþættir, sem almennt eiga við um flestar stofnanir, geta dregið verulega úr möguleikum óheiðarlegra starfsmanna til fjárdráttar, svika eða annarra ólögðra athæfa séu þeir virkir. Annars vegar er það aðskilnaður bókhalds- og fjárreiðustarfa og hins vegar kostnaðareftirlit sem felur í sér að engin útgjöld megi greiða nema fyrir liggja áritað samþykki viðeigandi ábyrgðaraðila.

Því betur sem hægt er að treysta á innra eftirlit stofnunarinnar, því skilvirkari verður endurskoðunin þar sem virkt innra eftirlit dregur úr umfangi þeirrar gagnaskoðunarvinnu sem gera þarf.

Til staðfestingar á aðskilnaði bókhalds- og fjárreiðustarfa:

- Starfs- og hlutverkalýsingar starfsmanna fjárhagsdeildar voru yfirfarnar með tilliti til verkaskiptingar
- Aðgangur að bankareikningum stofnunarinnar var yfirfarinn
- Aðgangsheimildir í fjárhagskerfi voru skoðaðar

Virgni eftirlitsþátta í lykilverlum var staðfest með prófunum:

- Fylgni við reglur stofnunarinnar um samþykki kostnaðarreikninga
- Samþykki yfirvinnu- og annara aukagreiðslna
- Samþykki launakeyrslna fyrir greiðslu

Verklag við almennar afstemmingar, greiningar og annað eftirlit yfirfarið.

Landhelgisgæslan er með eigin fjárvörslu og færir sjálft bókhald í Orra – Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. Hún styðst við rafrænt samþykktarkerfi þar sem ábyrgðaraðilar þurfa að samþykkja alla reikninga. Formlegir verkferlar útgefnir af stofnuninni er lúta að bókhaldi og meðferð fjármuna liggja ekki fyrir í öllum tilvikum og er mælt til þess að bætt verði úr því.

Bæta þarf verkferla bókhalds þannig að þeir séu allir formlega skráðir og stuðli að virku innra eftirliti. Æskilegt er að helstu bókhaldsferlar séu samþykkir af stjórnendum gæslunnar.

5 Endurskoðun ársins

5.1 Niðurstaða endurskoðunarinnar

Sú skoðun sem var gerð er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila.

5.2 Ársreikningur og framsetning hans

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga auk stjórnvaldsákvarðana.

5.3 Sviksemi

Samkvæmt endurskoðunarstöðlum ber Ríkisendurskoðun skylda til þess að kanna með sérstökum aðgerðum þá hættu sem stofnuninni stafar af hugsanlegri sviksemi og rangfærslum í bókhaldi vegna slíks. Send var fyrirspurn til stjórnenda um sviksemi við upphaf endurskoðunar. Hlutverk endurskoðandans hvað varðar sviksemi er að öðlast nægjanlega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra rangfærslna sem rekja má til sviksemi.

5.4 Upplýsingakerfi

Stofnunin notar Orra fjárhagsupplýsingakerfi. Farið var yfir aðgang starfsmanna að bókhaldskerfinu. Við skoðun kom í ljós að nokkrir starfsmenn stofnunarinnar höfðu víðtækari aðgangsheimildir í bókhaldskerfi Orra en þeir þurfa að hafa starfs síns vegna. Auk þess var einn starfsmaður með aðgang að fjárhagskerfi Orra sem ekki var í fjárhagsdeild. Æskilegt er að fara yfir allar aðgangsheimildir til að tryggja að þær séu í samræmi við stefnu stofnunarinnar.

Gæta verður að því að ekki séu of margir starfsmenn með of víðtækan aðgang að fjárhagskerfi Orra þegar minni aðgangur gæti dugað.

5.5 Rekstrartekjur

Meginmarkmið með skoðun á tekjum er að kanna heild, nákvæmni og lotun, þ.e. að allar tekjur sem tilheyra stofnuninni sér, rétt skráðar og að þær séu færðar á rétt tímabil. Við endurskoðun ársins var farið yfir verklag við tekjufærslu, breytingar milli ára á einstökum liðum og frávik greind. Hjá stofnuninni er unnið er dag frá degi eftir fastmótuðum ferlum við tekjuskráningu m.a. við hver mánaðarmót er unnið eftir gátlista og auk þess eru til ótal leiðbeiningar um ýmislegt sem viðkemur þeim ferlum en ekki er til skráður formlegur tekjuferill. Eftirlit með tekjum felst síðan í því að bornar eru saman raun tölur við áætlun og veruleg frávik rakin.

Stærsti hluti tekna gæslunnar eða 85,2% eru framlög ríkissjóðs eða tengdra aðila. Þar stærst er annars vegar framlag ríkissjóðs 55,3% af tekjum en það nam 4.113,5 m.kr. og hins vegar framlag samkvæmt þjónustusamningi við Utanríkisráðuneytið 22,6% af heildartekjum en það nam 1.680.0 m.kr. á árinu sem er hækkun um 17,2% á milli ára. Auk þess fær Landhelgisgæslan leigu- og þjónustutekjur auk annara tekna.

Hjá Landhelgisgæslunni vantar að skrá formlegan tekjuferil sem samþykktur er af stjórnendum. Auk þess þarf að festa í sessi reglubundið eftirlit með að allar tekjur hafi skilað sér þ.e. að annar aðili komi að eftirliti.

5.6 Laun og launatengd gjöld

Við endurskoðun ársins var verklag við færslu launa yfirfarið, sundurliðaður launakostnaður borinn saman milli ára og frávik greind. Launa- og annar starfsmannakostnaður nam 3.434,5 m.kr. sem er 46,1% af rekstrarkostnaði ársins. Mannauðstjóri yfirfer „hákaralista“ og staðfestir greiðslur launa.

Við bendum á að mikilvægi þess að launagreiðslur séu samþykktar af yfirmanni.

5.7 Annar rekstrarkostnaður

Við endurskoðun ársins var farið yfir verklag við kostnaðarfærslur, breytingar milli ára á einstökum liðum og frávik greind. Fengnar voru skýringar á þeim liðum þar sem þess þótti þörf og þar sem skýringar stóðust ekki væntingar voru tekin úrtök.

Hjá Landhelgisgæslu Íslands er unnið eftir fastmótuðum ferlum um móttöku reikninga, staðfestingar og áritanir reikningana, gjaldfærslu og greiðslu þeirra. Auk þess er stuðst við gátlista og ýmsum leiðbeiningum um mánaðarmót.

Við mælumst til að kostnaðarferill verði formlega settur fram og samþykktur af stjórnendum stofnunarinnar.

5.8 Fastafjármunir

Við endurskoðun ársins var yfirfarið að stjórnendur beiti viðeigandi fyrningarlutföllum og að meðferð rekstrarfjármuna séu í samræmi við reikningsskilareglur

Tekið var úrtak úr eignfærslum og sölum ársins og staðfest réttmæti þeirra, yfirfarið gamlar eignir og metið með fyrirspurnum hvort einhverjar skráðar eignir séu ónýtar eða ekki í notkun. Auk þess var tekið úrtök úr viðhaldskostnaði og gjaldfærslum á árinu og sannreyndum hvort réttmætt var að gjaldfæra viðkomandi kostnað.

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna var 7.230,5 m.kr. í árslok. Á árinu 2019 voru keyptir fastafjármunir fyrir samtals 476,9 m.kr. og afskriftir námu 491,4 m.kr.

5.9 Birgðir

Birgir stofnunarinnar námu 433,1 m.kr. í árslok 2019. Þær eru að stærstum hluta eða 337,6 m.kr. vegna varahluta loftfara. Ólíubirgðir námu 70,8 m.kr. og rekstrarvörubirgðir 24,6 m.kr.

Við endurskoðun birgða var birgðalisti staðfestur við bókhaldið með því að annars vegar var tekið úrtak úr birgðalista og endurtalið og hins vegar valdar vörur og þær raktar til birgðalista. Auk þess var kannað hvor kostnaðarverð væri rétt skráð á birgðalista.

Nokkuð var um að reikningar vegna birgða sem keyptar voru fyrir 2012 fundust ekki. eru þetta eldri birgðir sem lesnar voru inn í kerfið 2012.

Yfirfara þarf birgðir sem keyptar voru fyrir 2012 og meta hvort einhverjar þeirra séu úreltar.

5.10 Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur, fyrirframgreiðslur og aðrar kröfur námu 860,9 m.kr. í árslok 2019. Þar af námu viðskiptakröfur 194,6 m.kr. Staða við ríkissjóð og ráðuneyti nam 402,3 m.kr. og aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður 264,0 m.kr.

Við endurskoðun krafna voru afstemmingar yfirfarnar í bókhaldi stofnunarinnar. Skoðuð var staða eftirstöðva af áramótakröfum í apríl 2020 og leitað eftir skýringum á einstökum kröfum og innheimtu.

Við gerum athugasemd við að viðskipakröfur eru ekki allar uppreiknaðar miðað við rétt gengi í árslok.

Auk þess er bent á að gæta þarf betur að flokkun krafna á milli tengdra aðila og almennra viðskipamanna.

5.11 Handbært fé og vörslufé

Handbært fé nam 45,3 m.kr. og vörslufé stofnunarinnar nam 59,0 m.kr. í árslok. Stofnunin er með bankareikninga í íslenskum krónum og erlendum myntum og var staða þeirra í árslok samkvæmt yfirlitum frá bönkum borin saman við bókhald félagsins. Á móti vörsluféreikningi er mótbókun meðal skulda.

Netbankanotendur hjá stofnuninni eru 7. Fyrir utan gjaldkera eru fjármálastjóri, sérfræðingur á rekstrarsviði og 2 bókarar með fullan aðgang og auk þess eru tvær aðrar aðgangsheimildir að banka sem ekki eru bundnar ákveðum starfsmönnum.

Bent er á að aðrir starfsmenn en gjaldkerar skuli hafa skoðunaraðgang að bankareikningum. Auk þess er lagt til að þeim aðgangsheimildum sem ekki eru bundnar við ákveðna starfsmenn verði lokað.

5.12 Eigið fé

Eigið fé stofnunarinnar var jákvætt um 688,6 m.kr. sem er lækkun um 9,8 m.kr. á milli ára eða sem nemur tapi ársins. Meðal eigið fjár er að fjárhæð kr. 361,8 m.kr sem er áætlað framlag sem var fært á árinu 2017 á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

5.13 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir stofnunarinnar námu 311,1 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 230,0 m.kr. í ársbyrjun 2019.

Farið var yfir afstemmingar viðskiptaskulda, afstemmingar undirkerfa við bókhald og gengisútreikning í lok árs.

Hjá stofnuninni eru erlendar viðskiptaskuldir almennt ekki reiknaðar upp í árslok nema viðhaldsskuldbindingar þýrlna og er þá miðað við miðgengi Seðlabankans í lok árs.

Við gerum athugasemd við að skuldir eru ekki uppreiknaðar miðað við gengi í árslok.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is